

4
Skógarvörður undæmisins:

ÍSLEIFUR SÚNARLIÐASON:

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ

1951.

NORÐURLANDSUNDAMI:

Vagfir í Fnjóskadal.

GRÆÐIREITUR:

Vinna við græðireitinn hófst 22. maí. Dreifsetning hófst 1. júní og var að mestu lokið um miðjan mánuðinn. Frésáning tókst vel, einkum spíraði birkiþræið íramar öllum vonum. reknar voru upp 73.500 plöntur. Af þeim voru sendar til Reykjavíkur 19.000 birkiplöntur 3/0 og 7.500 skógarfurur 2/2. Þkið var 12 bílhösum af húsdýraáburði í græðireitinn. Annar áburður 3 Magnu per 100 m²

SÁNING Í GRÆÐIREITINN:

✓Skógarfura	1.280 kg	66.5 m ²	(Innland)
✓Skógarfura	3.350 -	156.5 -	(Innhavet)
✓Hvítgreni	1.300/-	28.0 - ✓	(Moose-Pass)
✓Sitkagreni	450/-	10.0 - ✓	X(Homer)
✓Birki	15.400/-	305.0 - ✓	(Bajarstaður)
✓Birki	1.200/-	17.0 - ✓	(Fræprufur)

583,0

SÁNING Í GRÆÐIREITINN UNDIR GLER:

✓Lerki	0, 660 - ✓	18.0 - ✓	X(Hakaskoja)
Sitkagreni	0, 500 - ✓	18.0 - ✓	(Seward)
✓Hvítgreni	0, 500 - ✓	12.0 - ✓	(Moos-Pass)
✓Fjallapöll	0, 500 -	12.0 -	(MacLeod)
✓Rauðgreni	0, 470 -	12.0 -	(Umeä)
✓Engelmansgreni	0, 640 -	24.00 -	(Colorado)
✓Blágreni	0, 100 -	3.0 -	(Colorado)
✓Nobilisgreni	0, 100 -	3.0 -	(Washington)
✓Birki	0, 440 ✓	12.0 - ✓	(Bajarstaður)
✓Alaska-Hvítoirki	0, 220 -	6.0 -	(City of Fairbanks)
✓Alaska-Hvítbirki	0, 125 -	3.0 -	(Anchorage '48)
Alaska-Lerki	30 -	7 -	Larson Pass
✓Sitkagreni	270 - ✓	6.0 - ✓	X(Snowriver bridge)
✓Fjallapöll	100 -	2.4 -	(Clear Creek)
✓Hvítgreni	135 - ✓	3.0 - ✓	X(Daves Creek)
Elderberry's	250 -	299 -	

HAUSTSÁNING Í GRÆÐIREITINN:

Reynir	15.000 -	25.0 -	(Skriðustofn)
--------	----------	--------	-----------------

HAUSTSÁNING Í GRÆÐIREITINN UNDIR GLER:

✓Hvítgreni	0, 150 -	3.0 -	(Goat Creek)
✓Hvítgreni	0, 190 -	3.0 -	(Jarvis Creek)
✓Svartgreni	0, 370 -	6.0 -	(Alaskan HWY)
✓Svartgreni	0, 190 -	3.0 -	(Richardson HWY)
✓Fjallapöll	0, 145 -	3.0 -	(Tin can creek)
✓Rauðgreni	0, 440 -	12.0 -	(Umeä)

DREIFPLÖNTUN:

Birki	3/0	3.000 sek.	(Bajarstaður)
Birki	1/0	9.000 -	(Bajarstaður)
Reynir	3/2	2.000 -	(Skriðustofn)

Skógarfura	3/0	4.400	stk.	
Lerki	1/0	39.000	-	(Hakaskoja)
Lerki	2/0	3.500	-	(Archangelsk)
Lerki	2/0	12.400	-	(Irkutsk)
Sitkagreni	2/4	1.200	-	(P. W. Sound)
Rauðgreni	2/0	12.000	-	(<i>Nazeland, Tropil</i>)
Alaskaösp		3.000	-	(Græðlingar)
Gulvíðir		<u>2.500</u>	-	(Græðlingar)
Samtals		<u>92.000</u>	stk.	

SELDAR OG AFHENTAR PLÖNTUR:

Birki		109.400	stk.
Skógarfura		33.000	-
Reynir		4.600	-
Sitkagreni		4.000	-
Gulvíðir		<u>2.000</u>	-
		<u>153.000</u>	-

PLÖNTUR TIL SÖLU OG AFHENDINGAR VORIÐ 1952:

Birki	3/0	29.500	stk	
Birki	2/0	9.000	≠	(Undan gleri)
Birki	2/0	7.000	-	(Aætlað)
Reynir 1. fl.	4/2	1.025	-	
Reynir 2. fl.	4/2	1.275	-	
Reynir úrval	4/2	275	-	
Silfurreynir 1.fl.	4/2	325	-	
Silfurreynir 2.fl.	4/2	475	-	
Skógarfura	2/2 ✓	28.250	-	
Skógarfura	2/0 ✓	12.000	-	(Aætlað)
Skógarfura	3/0	30.000	-	(Aætlað)
Gulvíðir	1/0&2/0	<u>3.2000</u>	-	
Samtals		<u>122.325</u>	stk.	

GRÓÐURSETNING OG SÁNING:

Bætt var inn í gróðursetningarnar frá 1947, utan Stefánsbrautar. Neðan vegar voru gróðursettar 3000 furur 2/2 og ofan vegar 3500 furum 3/0. Bætt var um 500 rauðgreni-plöntum inn í gróðursetninguna frá 1948, sunnan Eyrrarfilar-lækjar. Neðan við þetta stykki voru gróðursettar 1000 rauðgreni-plöntur. Dagana 23.30 ágúst voru gróðursettar 4.400 lerkiplöntur af hakaskoja stofni. Var plöntum þessum valinn staður ofan Blómsturvallu í skjólgóðum og fallegum hvammi. - Gróðursettar voru barrplöntur á ettirtalda staði í S.- Þing.

Vaglaskógur	Skógarfura	6.500	stk.
Vaglaskógur	Rauðgreni	1.500	-
Vaglaskógur	Lerki	4.400	- x
Selland	Skógarfura	10.000	-
Selland	Lerki	1.200	-
Höfði í Mýv.sveit	Skógarfura	500	-
Höfði í Mýv.sveit	Lerki	<u>1.500</u>	- x
Samtals		<u>25.600</u>	-

GIRÐINGAR, FRIDUN OG VIÐHALD GIRÐINGA:

Girt var um 1100 metra löng girðing á landamerkjum Fosssels og Glaumbæjarsels. Lagði Skógrækt ríkisins fram efni til þessara framkvæmda, ásamt verkstjóra. Sigrús Jónasson, Minarsstöðum í Reykjadal sá að öðru leiti um uppsetningu girðingarinnar, gegn því að hann fengi í staðinn gömlu mæðiveikigirðinguna um Glaumbæjarsel. Fossselsgirðinguna þarf mikið að endurbæta hið fyrsta. Mikið þarf staurum á norðurlínuna og neðan við Fosssel.- Girðingin um Vaglaskóg þarf verulegra endurbóta við á næsta vori. Er hér aðallega um fjóra parta að ræða á suður og suð-austur línunni. Mun hver þeirra um 200-300 metra á lengd og mun illmögulegt að hagt sé að gera hana fjárhelda nema með nýju erni. Mætti í þessu sambandi benda á gömlu girðinguna að norðan, en þar er víða allmikið af góðum járnstaurum og vel nothæfu vírneti. Á Hálsmelum var steipt öflugt hlið og komið fyrir ágætri járngrind.- Girðingin um Lunas-og Þórðarstaðaskóg þurfti yfirleitt ekki mjög mikið viðhald og mun hún vera í allgóðu lagi. Ekki verður þó komist hjá því bráðæga að gera miklar endurbætur á girðingunni á fjallinu að sunnan og norðan.- Öðrum girðingum haldið við svo sem venja er til.

SKÓGARHÖGG, GRISJUN OG KOLAGERÐ:

SKÓGARHÖGG: Á árinu var höggvið:

	Eldiv.	Efniv.	Arinv.	Staurar	Renglur	Viðarmagn
	kg.	m ³	kg.	stk.	stk.	Alls. Hestburðir
Vaglaskógur	196.000	10.000	5.000	3.089	500	2290
Þórðarstaðsk.	15.000					150
Sigríðastaðask.	5.000					50
Sandhaugaskógur	3.000					30
	219.000	10.000	5.000	3.089	500	2520

Í Vaglaskógi var grisjaður mestur hluti furu-reitsins frá 1950, ennfremur furureitirnir frá 1947, ofan og neðan vegar, utan Stefánsbrautar. Þá voru grisjaðir um 6000 m² ofan Blómsturvallu. Voru þar aðeins skilin eftir örfá tré og var þar gróðursett lerki. Grisjað var allstórt stykki innan græðireits girðingarinnar. Grisjaðir voru reitirnir þrír, milli Merkjagrófar og Botnlágar, ekki var þó lokið við efri hluta miðreitsins, vegna snjóá. Var nyrsti reiturinn grisjaður með það fyrir augum að þar yrði plantað rauðgreni en í þann syðsta lerki. Grisjuð allstór stykki ofan og neðan vegar, frá vega-mótunum rétt við græðireitsnliðið og miðja vega norður að Stefánsbraut. Grisjað svæðið frá Stóra-rjóðri ofan og neðan vegar, upp að miðveginum og allt norður að hliðinu við Fnjóskárbrú, enn er þó ógrisjuð ramaákafla meðfram ánni. Allstórt stykki upp af göulág var grisjað þannig að þar mætti planta lerki, ef með þyrfti, þó yrði að grisja þar nokkru meira, ef að því yrði horfið.

KOLAGERÐ:

Gert var til kola tvisvar á þessu ári. Úr ofninum fengust 273 og 230 kg. Mikið barst af pöntunum í viðarkol, sem ekki var hægt að sinna, vegna þess að ofninn er nú svo til algjörlega ónýtur.

BYGGINGAR:

Unnið var við viðbótarbygginguna að Þórðarstöðum. Lokið var við að steypa efri hæðina og koma henni undir þak. Að mestu lokið við múrhuðun á efri og neðri hæð. Lögð var miðstöð í viðbótina, komið fyrir hreinlætistækjum og skift um miðstöðvarketil.

VEGAGERÐ:

Allmikið var unnið að vegagerð á árinu. Borið var í veginn frá neðra-hliði, suður að hótelinu. Ennfremur var borið í kafla á Efra-vegi frá syðra hliðinu á Hálsmelum suður að græðureit. Frá græðureit var borið í veginn suður að Skökkulág. Vegagerð ríkisins lagði fram svipaða upphæð og á s. l. ári til þessara framkvæmda. Rudd var braut frá Merkjagróf að Botnlág, auk þess tvar þverbrautir af þessari nýju braut á aðalbrautina. Allmargar brautir voru höggðar víðsvegar um skóginn. Eiga þær að skifta skóginum niður í reiti, en margar þeirra má þó nota sem vegi, er jarðýta fæst til að jafna þær. Fimm birreioastæði voru gerð skammt frá Stóra-rjóori og var borið í þau.

FERÐALÖG:

Í Reykjavík dvaldist ég fyrstu fjóra mánuði ársins og starfaði að mestu á skrifstofu skógræktarstjóra þann tíma. Lagt af stað norður að Vöglum 14. maí.- 31. maí til Sigluvíkur, Dalvíkur og að Hofsa í Svarfaðardal. 9.-10. júní Yzta-Fell, Húsavík, Fjall í Aðaldal, Laugaból, Höfði í Mývatnssveit og að Sandvík í Bárðardal. Flutti plöntur og leiðbeindi á þessum ferðum.- 22.-24. júní sat ég aðalfund Skógræktarfélagss Íslands í Borgarfirði. 7. júlí fór ég ásamt framkv.stj. Skógrf. Eyf. vestur í Þorvaldsdal til að athuga þar skilyrði til skógræktar.- 17.-20. júlí austur að Hallormsstað.- 1.-2. sept. til Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Valið land til skógræktar fyrir þá síðast nefndu.- 28. sept. að Geitafelli í Reykjahverfi.- 5.-11. nóv. ferðaðist ég með skógaræktarstjóra vegna sýninga á norsku skógræktarmyndinni.- 23.- 24. nóv. og 7.-15. des. við grisjun á Grund í Eyjafirði og á Akureyri vegna málareksturs út af Grundarreitnum. Auk þessa ferðir, svo sem venja er til, vegna viðskifta, eftirlits og leiðbeininga. Alls var ég 109 daga að heiman.

YMISLEGT:

Brum á birki byrjaði að þrútna um 21. maí. Má segja að skógurinn hafi verið grænn yfir að líta um mánaðarmótin maí-júní, þó voru efstu partar skógarins enn undir snjó og urðu þær ekki grænnir yfir að líta, fyrr en eftir 20. júní:— 12. júní snjóaði töluvert á norðurlandi. Komu talsverðir uppi á Vöglum og lagðist vinna að mestu niður í græðireitnum í tvo daga. Seinkaði þetta mjög fyrir öllum þroska á gróðri. Fræspretta var lítil. Skógarmaðks varð lívils vart. Skógurinn var lauglaus að kalla um 27. sept, en blöðin byrjaði nann að rella um 10. s. m. Naturfrost voru alltið og ullu þau nokkrum skemmdum t. d. á leki 2/o frá Hakaskoja.— Sáð var í um eina dagsláttu á Hálsmeilum, spíraði fræið mikið lakar en á s. l. ári.— 28. sept fór ég að Geitafelli í Reykjahverfi og var þar mælt land það er tekið skyldi undan við sölu jarðarinnar. Land þetta nær frá landamerkjum Geitafells og Presthvamms að norðan og er breidd þess 400 m, að sunnan 310 m. og nær 1020 m. suður að austan, en að vestan 960 m. Landstærðin er því 35.145 ha.. Er þarna víða lágvaxinn víði og birkigróður. Bjarkarrætur eru sennilega um mikinn hluta landsins og því líklegt að við friðun mundi birkiskógur vaxa þarna fljótt upp.

Steinbjörn Jónsson